

REGLUGERÐ

um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði.

1. gr.

Eftirfarandi nám og námskeið teljast til vinnumarkaðsúræða:

- a. Nám sem haldið er samkvæmt námskrá sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur viðurkennt.
- b. Nám sem haldið er á vegum fræðslustofnana atvinnulífsins.
- c. Önnur námskeið en þau sem talin eru í a. og b. liðum og haldin eru á vegum símenntunarmiðstöðva.
- d. Námskeið sem haldin eru á vegum Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.
- e. Námskeið/nám sem haldið er á vegum endurmenntunarstofnana háskólanna.
- f. Nám á verk- og starfsnámsbrautum á framhaldsskólastigi og frumgreinanám sem boðið er á forsendum fullorðinsfræðslu, þ.e. námið og uppbygging þess tekur mið af og er sniðið að þörfum fólks sem hefur verið þátttakandi á vinnumarkaði.
- g. Námskeið á vegum endurhæfingarmiðstöðva.
- h. Önnur námskeið sem eru líkleg til að styrkja fólk á vinnumarkaði að mati ráðgjafa Vinnumálastofnunar.

Nám sem er lánshæft samkvæmt reglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna, hvort sem um er að ræða dag- eða kvöldskóla eða fjarnám, telst þó ekki námsúræði skv. d-lið 1. mgr. 12. gr. laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Hið sama gildir um nám á námsbrautum sem leiða til stúdentsprófs hjá framhaldsskólum.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 12. gr. laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, að fenginni umsögn stjórnar Vinnumálastofnunar, öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. janúar 2009.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Hanna Sigr. Gunnsteinsdóttir.